

Ungmennasambands Borgarfjarðar



# Ársskýrsla 2024



# Aðildarfélög

og formenn félaga við árslok 2024



## Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Formaður:  
Unnur Jónsdóttir



## Ungmennafélagið Íslendingur

Formaður:  
Kristján Guðmundsson



## Golfklúbbur Borgarness

Formaður:  
Snæbjörn Óttarsson



## Ungmennafélag Reykdæla

Formaður:  
Ingi Þór Magnússon



## Golfklúbburinn Glanni

Formaður:  
Snorri Þórðarson



## Ungmennafélagið

### Skallagrímur

Formaður:  
Sigríður G. Bjarnadóttir  
Formaður knattspyrnudeildar:  
Páll S. Brynjarsson  
Formaður körfuknattleiksdeildar:  
Sigríður G. Bjarnadóttir  
Formaður leikdeildar:  
Hjörtur Vífill Jörundsson  
Formaður píludeildar:  
Gunnar Bragi Jónasson  
Formaður sunddeildar:  
Heiðrún Helga Bjarnadóttir



## Hestamannafélagið Borgfirðingur

Formaður:  
Eyþór Gíslason



## Hjólreiðafélag Vesturlands

Formaður:  
Haraldur Haraldsson

## Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi

Formaður:  
Sigurjón Helgason



## Ungmennafélag Stafholtstungna

Formaður:  
Ólafur Daði Birgisson



## Ungmennafélagið Dagrenning

Formaður:  
Ólafur Jóhannesson



## Ungmenna- og íþróttafélag

### Hvalfjarðarsveitar

Formaður:  
Magnús Már Haraldsson

## Efnisyfirlit

Formáli sambandsstjóra .....	4
Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2024 – 2025.....	5
Starfsemi UMSB.....	7
102. sambandsþing UMSB .....	7
Stjórnarfundir UMSB.....	9
Formannafundir.....	9
Unglingalandsmót UMFÍ.....	10
Styrkúthlutanir .....	18
Starfsstyrkir .....	18
Lottóúthlutanir.....	18
Ferðastyrkir .....	19
Íþróttahátíð 17. júní.....	20
Afrekssjóður UMSB .....	21
Íþróttamanneskja Borgarfjarðar .....	22
Hvatningarverðlaun UMSB .....	28
Viðurkenningar .....	30
Stjórn UMSB 1912 – 2025 .....	32
Íþróttamanneskja Borgarfjarðar 1980 – 2024 .....	37
Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar .....	39

## Formáli sambandsstjóra

Ágætu félagar.

Verið velkomin á 103. Sambandsþing UMSB.

Nú er öðru ári mínu sem sambandsstjóri UMSB að ljúka. Þetta eru búin að vera skemmtileg ár og nóg af verkefnum. Ber þar hæst Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi um síðustu verslunarmannahelgi og tókst virkilega vel til. Vil ég þakka okkar dugmiklu sjálfboðaliðum fyrir vel unnin störf.

Síðustu ár hafa orðið miklar breytingar á starfsemi sambandsins og framundan eru jafnvel enn meiri breytingar. Nú er verið að vinna að nýjum samningi við Borgarbyggð og gæti hann mögulega þýtt nýtt hlutverk fyrir UMSB þegar kemur að ungmenna- og íþróttastarfi á sambandssvæðinu. Það er að sjálfsögðu vilji allra samningsaðila að nýr samningur verði til að efla það enn frekar og ég held að við séum öll sammála um það vægi sem UMSB hefur þegar kemur að því.

Til að styðja við samninganefnd UMSB er mikilvægt að aðildarfélög taki virkan þátt í samtalinu og komi sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi nýjan samning.

Að öðru leyti er hefðbundin starfsemi framundan þar sem engin landsmót eru á áætlun eftir að hafa haldið bæði Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ á síðastliðnum þremur árum. Mikilvægt er þó að halda áfram að byggja á þeirri þekkingu og reynslu sem hljótast af því að halda svona stóra viðburði.

Vil ég að lokum þakka stjórn UMSB og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf síðustu ár.

Guðrún Hildur Þórðardóttir

Sambandsstjóri UMSB

## Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2024 – 2025



**Sambandsstjóri**  
Guðrún H. Þórðardóttir



**Varasambandsstjóri**  
Sigurbjörg Þ. Marteinsdóttir



**Ritari**  
Rákel Dögg Sigurgeirsdóttir



**Gjaldkeri**  
Svala Svavarsdóttir



**Meðstjórnandi**  
Kristján Jóhannes Pétursson



**Framkvæmdastjóri**  
Bjarney L. Bjarnadóttir

### Varamenn í stjórn UMSB

Vara varasambandsstjóri

Thelma Harðardóttir

Varagjaldkeri

Eyjólfur Kristinn Örnólfsson

Vararitari

Ólafur Daði Birgisson

Vara meðstjórnandi

Þórhildur María Kristinsdóttir

## Þingfulltrúar

Aðildarfélag	Fjöldi félagsmanna skv. skilakerfi ÍSÍ/UMFÍ	Þingfulltrúar
Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar	23	1
Golfklúbbur Borgarness	377	4
Golfklúbburinn Glanni	64	1
Hestamannafélagið Borgfirðingur	433	5
Hjólreiðafélag Vesturlands	40	1
Umf. Björn Hítðælakappi	60	1
Umf. Dagrenning Borgarf.	48	1
Umf. Reykdæla	178	2
Umf. Skallagrímur	418	5
Umf. Stafholtstungna	127	2
Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar	5	1
Umf. Íslendingur	42	1
<b>Samtals</b>	<b>1815</b>	<b>25</b>

### Úr 12. grein laga um sambandsþing

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða

## Starfsemi UMSB

Árið 2024 var viðburðarríkt í starfsemi UMSB og má þar helst nefna Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var um verslunarmannahelgina. Auk þess voru fastir liðir eins og vanalega líkt og kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar, formannafundir UMSB, sambandsþing UMSB. Einnig sendir UMSB fulltrúa á alla fundi og þing á vegum ÍSÍ og UMFÍ.

Hér á eftir verður farið yfir það helsta á árinu hjá UMSB.

### 102. sambandsþing UMSB

102. sambandsþing UMSB var haldið á Hvanneyri þann 13. Mars 2024. Var mjög góð mæting og góð vinna sem fór fram.

Þingforsetar voru Kristján Gíslason og Flemming Jessen, og ritara þingsins þær Raket Dögg Sigurgeirsdóttir og Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir.

#### Tillögur og reglugerðarbreytingar

Stærsta málið að þessu sinni snéri að úthlutunarreglum lottótekna, en lagðar voru til breytingar á úthlutunarreglum UMSB sem taka mið af úthlutunarreglum UMFÍ og ÍSÍ sem taka gildi núna 1. apríl. Þeirra reglur munu eingöngu taka tillit til íbúa 18 ára og yngri á hverju svæði fyrir sig og mun útbreiðslustyrkur ÍSÍ detta út að auki. Í reglugerð UMSB voru þær breytingar gerðar að minna hlutfall mun renna til UMSB en úthlutunarreglur sambandsins til aðildarféлага mun að stærstum hluta taka mið af iðkendum 18 ára og yngri.

Töluverð umræða skapaðist um þetta enda mun þetta hafa þau áhrif að heildarinnkoma lottótekna til UMSB verður töluvert minni auk þess sem þau aðildarfélög sem ekki halda úti íþróttastarfi munu verða af nánast öllum lottótekjum. Miklar og málefnalegar umræður áttu sér stað og var tillagan að lokum samþykkt samhljóða en ákveðið að hún yrði tekin til endurskoðunar á næsta þingi þar sem enn er óljóst hvaða áhrif þessar breyttu úthlutunarreglur UMFÍ og ÍSÍ koma til með að hafa á sambandið. Einnig var brýnt fyrir þeim aðildarfélögum sem munu verða af stærstum hluta sinna tekna með þessari breytingu að vera dugleg að sækja um í þá sjóði sem í boði eru hjá UMFÍ, eins og Fræðslu- og verkefnasjóð og Umhverfissjóð. Hægt er að hafa samband við skrifstofu UMSB og fá nánari upplýsingar um þá sjóði sem í boði eru.

Aðrar reglugerðarbreytingar urðu þær að kjörgengi íþróttafólks fyrir kjör íþróttamanneskju ársins var hækkað í 16 ár, í stað 14 áður enda gengur það gegn markmiðum íþróttahreyfingarinnar að afreksvæða börn.

Eins og fyrr segir voru töluvert margar tillögur til umfjöllunar á þinginu og á nefndarfólk hrós skilið fyrir vel unnin störf.

Samþykktar voru samhljóða tvær tillögur er snúa að áskorun á Borgarbyggð. Fyrri tillagan kom frá Ungmennafélagi Reykdæla varðandi endurskoðun ákvörðunar um að loka sundlauginni á Kleppjárnsreykjum fyrir almenningi. Hin tillagan var frá stjórn UMSB og

var fyrir sveitarstjórn um að halda áfram samtalinu við Strætó bs. varðandi hækkun fargjalda, sem hafa komið mjög illa við íþróttaiðkendur í sveitarfélaginu.

Hlaupahópurinn Flandri sótti um og hlaut inngöngu í UMSB, með þeim fyrirvara að ÍSÍ samþykki umsóknina.

### **Góðir gestir ávörpuðu þingið**

Ómar Bragi Stefánsson framkvæmdastjóri móta UMFÍ flutti ávarp þar sem hann ræddi aðallega unglingalandsmótið sem fram fer í Borgarbyggð um verslunarmannahelgina í ár. Þórey Edda Elísdóttir kom fyrir hönd ÍSÍ, flutti ávarp og sæmdi Oddnýju Evu Böðvarsdóttur silfurmerki ÍSÍ og Pál Snævar Brynjarsson gullmerki ÍSÍ fyrir þeirra ómetanlegu störf í þágu hreyfingarinnar, og þá sérstaklega knattspyrnudeildar Skallagríms.

Hallbera Eiríksdóttir, fulltrúi UMSB í stjórn UMFÍ, kom fyrir hönd UMFÍ. Flutti hún ávarp og veitti heiðursviðurkenningar, Guðrún Hildur Þórðardóttir, sambandsstjóri UMSB, hlaut starfsmerki UMFÍ og þeir Ingvi Árnason og Kristján Gíslason hlutu gullmerki UMFÍ.

Óskum við þeim öllum innilega til hamingju og þökkum enn og aftur fyrir þeirra mikilvægu og óeigingjörnu störf í þágu hreyfingarinnar.

### **Úhlutun úr Afrekssjóði UMSB**

Stjórn sjóðsins sem skipuð var þeim Rósu Marinósdóttur, Írisi Grönfeldt og Páli Brynjarssyni sá sjóðsins alfarið um yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum.

Sex umsóknir bárust og voru þær allar samþykktar.

Þau sem fengu úthlutað úr sjóðnum voru:

Bjarki Pétursson hlaut 300.000 krónur fyrir afrek sín í golfi.

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir hlaut 150.000 krónur fyrir afrek sín í sundi.

Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir hlaut 150.000 krónur fyrir afrek sín í frjálsum íþróttum.

Jón Árni Gylfason hlaut 50.000 krónur fyrir afrek sín í körfuknattleik.

Kristín Þórhallsdóttir hlaut 300.000 krónur fyrir afrek sín í kraftlyftingum.

Valborg Elva Bragadóttir hlaut 50.000 krónur fyrir afrek sín í körfuknattleik.

### **Nýtt stjórnarfolk kjörið**

Guðrún Hildur Þórðardóttir gaf áframhaldandi kost á sér sem sambandsstjóri en sambandsstjóri er kjörinn til eins árs í senn. Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir er áfram á sínu seinna ári sem ritari. Ólafur Daði Birgisson varasambandsstjóri, Sölvi G Gylfason gjaldkeri og Elisabeth Ýr Mosbech Egilsdóttir meðstjórnandi stigu út úr stjórn og í þeirra stað koma inn Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir sem varasambandsstjóri, Svala Svavarsdóttir sem gjaldkeri og Kristján Jóhannes Pétursson sem meðstjórnandi. Við þökkum Ólafi Daða, Sölva og Elisabeth Ýr kærlega fyrir ánægjulegt samstarf og bjóðum þau Sigurbjörgu Þórunni, Svölu og Kristján Jóhannes hjartanlega velkomin til starfa.

**Þinggerð ásamt ársskýrslu og ársreikningur UMSB, ásamt ársskýrslum aðildarfélaga er aðgengilegt á heimasíðu UMSB, undir flípanum „skjöl“.**



## Stjórnarfundir UMSB

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarfélaga sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

Haldnir voru níu stjórnarfundir á árinu 2024. Fundargerðir allra stjórnarfunda má finna inni á heimasíðu UMSB.

## Formannafundir

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarfélaga og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar félaga en nefndarmenn aðeins ef um sérmálefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

Á formannafundum eru allar stefnumarkandi ákvarðanir hjá UMSB teknar á milli sambandsþinga. Tveir formannafundir voru haldnir á árinu, sá fyrri 14. maí í umsjón Hestamannafélagsins Borgfirðins að Vindási og sá seinni var haldinn þann 22. október í Brautartungu og var í umsjón Ungmennafélagsins Dagrenningar.

Fundargerðir allra formannafunda má finna á heimasíðu sambandsins.

# Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram í Borgarnesi um verslunarmannahelgina og tókst virkilega vel til.

Í byrjun vikunnar var útlitið tvísýnt varðandi tjaldsvæðið á Kárastöðum þar sem mikið hafði rígt og svæðið orðið ansi blautt og erfitt yfirferðar. Starfsfólk Borgarbyggðar á mikið lof fyrir að snör handtök við að dreyna svæðið og þegar fyrstu mótsgestir komu á miðvikudagskvöldinu var hægt að vísa þeim á svæði sem voru orðin nægilega þurr til að fólk gæti komið sér fyrir með hýsin sín og tjaldað. Svæðið var þó vel blautt meðan á mótinu stóð og viljum við bæði þakka og hrósa öllum gestum á tjaldsvæðinu sem langflestir sýndu þessu skilning og gerðu gott úr þessu.

Meðlimir úr björgunarsveitunum Brák, Heiðari og OK stóðu vaktina á tjaldsvæðinu yfir allt unglíngalandsmótið.



## Fimmtudagur 1. ágúst

Dagskráin hófst svo á fimmtudeginum með keppni í golfi sem gekk vel.



Einnig var boðið upp á fjölskylduskokk frá skemmtitjaldinu sem var

hjá tjaldsvæðinu og var góð þátttaka í því. Um kvöldið voru svo tónleikar þar sem DJ Ísak & Ernir héldu uppi stuðinu eins og sjá má.



### Föstudagur 2. ágúst

Á föstudeginum fór allt á fullt og var þá keppt í bogfimi, frjálsum íþróttum, grashandbolta, körfubolta, pílukasti og upplestri auk þess sem alls kyns afþreying var í boði s.s. bogfimikynning, glímusýning og leikjagarður.

Það er ekki hægt að halda svona mót án aðkomu fjölda sjálfbóðaliða og þar býr UMSB yfir miklum mannaúði. Hér fyrir neðan má til dæmis sjá sveitarstjóra Borgarbyggðar dæma leik í grashandbolta, en hvort látbragð leikmannsins segi eitthvað til um dómgæsluna skal ósagt látið.



Einbeitingin skein úr andlitum keppenda í pílukasti sem fór fram í



glæsilegri aðstöðu hjá nýstofnaðri píludeild Skallagríms.



Á föstudagskvöldið var mótsetning og var hún hin glæsilegasta. Fánaberar komu frá aðildarfélögum innan UMSB og stóðu sig með mikilli þrýði.

Fánaberar voru þau Heiðar Smári Ísgeirsson, Kristný Halla Bragadóttir, Kristján Karl Hallgrímsson, Leó Birgisson, Ólöf Sesselja Kristófersdóttir, Rakel María Pálmadóttir og Steinunn Bjarnveig Blöndal.



Hér má sjá Steinunni Bjarnveigu taka fánahyllumuna.



Nýkjörinn forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, mætti og flutti ávarp sem náði vel til gesta. Þess má geta að Forseti Íslands er verndari UMFÍ.



Það var augljóst að Guðrún Hildur Þórðardóttir sambandsstjóri UMSB, Halla Tómasdóttir, Björn Skúlason eiginmaður Höllu og Jóhann Ingimundarson formaður UMFÍ skemmtu sér vel á mótsetningunni.



Hlynur Blær Tryggvason flutti ávarp fyrir hönd keppenda.



Kyndilberar voru þau Kristín Eir Hauksdóttir og Sindri Karl Sigurjónsson og kveiktu þau landsmótseldinn við mikinn fögnuð áhorfenda.



Bræðurnir Friðrik Dór og

Jón Jónssynir tóku lagið á mótssetningunni.



Kynnar voru þau Ásthildur Ómarsdóttir og Ernir Daði Arnberg Sigurðsson og stóðu þau sig vel í að virkja áhorfendur.



### Laugardagur 3. ágúst

Á laugardeginum hélt keppnin í frjálsum íþróttum áfram en einnig var komið að keppni í badmintoni, grasblaki, hestaíþróttum, körfuboltamót ÍF, stafsetningu og sundi.



Og að vanda var nóg af annarri afþreyingu í boði s.s. axarkast, brettafjör, bæjarganga með leiðsögn, danssmiðja, fótboltafjör, hestafimleikasýning, frjálsíþróttaleikar, körfuboltafjör, leikjagarður, sundleikar, pickleball, sundlaugarparty með tónlist, LED badmintonfjör, hæfileikasvið og opinn frisbígolfvöllur á Hvanneyri.



#### Sunnudagur 4. ágúst

Sunnudagurinn hófst með keppni í fótbolta og borðtennis, svo voru glíma, skák, hjólreiðar og kökuskreyingar á dagskrá.





Afþreyingardagskráin var einnig skemmtileg en boðið var upp á fjölskyldujóga, blindrabolta, opinn folfvöll, leikjagarð og hæfileikasvið fyrir 11 ára og eldri.



Um kvöldið voru svo tónleikar með GDRN, Júlí Heiðari og brekkusöngur með Orra Sveini Jónssyni sem sló algjörlega í gegn. Að því loknu voru mótsslit og flugeldasýning.

Að halda svona stóran viðburð eins og Unglingalandsmót UMFÍ myndi aldrei ganga upp nema fyrir alla þá fjölmörgu sjálfboðaliða sem voru tilbúnir að leggja hönd á plóg. Vill stjórn UMSB senda þakkir til allra þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem hjálpuðu til við að framkvæmd mótsins tókst jafn vel til og raun bar vitni.

Einnig vill UMSB þakka UMFÍ og Borgarbyggð fyrir virkilega gott samstarf. Auk þeirra eiga björgunarsveitirnar Brák, Heiðar og OK, sem og allir viðbragðsaðilar, Slökkvilið Borgarbyggðar, Lögreglan á Vesturlandi og Heilbrigðisstofnun Vesturlands þakkir skildar fyrir þeirra aðkomu.



## Styrkúthlutanir

### Starfsstyrkir

Starfsstyrkir eru alla jafna greiddir út einu sinni á ári.

Um starfsstyrki geta sótt félög og deildir þeirra sem sinna íþróttá- eða félagsstarfi innan UMSB eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi. Megináherslan er á að styrkja starf með börnum og unglíngum yngri en 16 ára og að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi (sjá nánar um úthlutun starfsstyrkja frá Borgarbyggð á heimasíðu UMSB).

Starfsstyrkir árið 2024 skiptust með eftirfarandi hætti:

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar	314.661 kr
Golfklúbbur Borgarness	602.494 kr
Hmf. Borgfirðingur	463.934 kr
Knattspyrnudeild Skallagríms	2.224.285 kr
Körfuknattleiksdeild Skallagríms	2.579.547 kr
Umf. Dagrenning	38.871 kr
Umf. Reykdæla	874.358 kr
Umf. Stafholtstungna	138.730 kr
Samtals	<b>7.236.880 kr</b>

### Lottóúthlutanir

Lottóúthlutanir fara fram tvisvar á ári, í febrúar og ágúst. Febrúargreiðslan er uppgjör síðari hluta undangengins árs. Nokkrar breytingar voru gerðar á reglugerð á lottóúthlutunum á sambandsþingi UMSB 2024 þar sem 60% lottótekna renna til aðildarfélaga í stað 50% áður.

#### Reglugerð um skiptingu á lottótekjum UMSB

##### 1. Forsendur skiptingar á milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15. apríl ár hvert.

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari er aðildarfélögum skylt að nota Abler skráningarkerfið til að halda utan um starfsemi sína.

##### 2. Skipting Lottótekna

- 5% í Afrekssjóð UMSB
- 35% til UMSB
- 60% til aðildarfélaga UMSB

### 3. Skipting lottótekna skv. c-lið 2. greinar milli aðildarfélaga og deilda

- a) 10% jafnt á milli allra aðildarfélaga
- b) 10% eftir fjölda mættra fulltrúa á þing UMSB
- c) 80% eftir fjölda iðkenda upp að 18 ára aldri.

### 4. Skerðingar

Sendi félag ekki fulltrúa á formannafund UMSB skerðir það úthlutunarfé þess félags um 25% við næstu úthlutun en hefur ekki áhrif á úthlutanir eftir það. Skerðingar samkvæmt þessari grein renna til UMSB.

### Lottótekjur aðildarfélaga UMSB fyrir árið 2024 eftir félagaskatt og annan frádrátt voru eftirfarandi:

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar	211.922 kr
Golfklúbbur Borgarness	447.821 kr
Golfklúbburinn Glanni	92.216 kr
Hmf. Borgfirðingur	837.124 kr
Hjólreiðafélag Vesturlands	92.216 kr
Umf. Björn Hítðælakappi	75.367 kr
Umf. Dagenning	75.367 kr
Umf. Íslendingur	119.268 kr
Umf. Reykdæla	661.754 kr
Umf. Skallagrímur	2.940.483 kr
Umf. Stafholtstungna	223.684 kr
Ungm. og íþr.félag Hvalfjarðarsveitar	45.273 kr
<b>Samtals</b>	<b>5.822.494 kr</b>

## Ferðastyrkir

Stjórn UMSB veitir, eftir efnum, styrki til einstaklinga og hópa til niðurgreiðslu ferðakostnaðar vegna æfinga og keppni ásamt því að veita styrki til ýmissa annarra verkefna sem samræmast stefnu UMSB.

Til að eiga rétt á að sækja um styrk þurfa umsækjendur að vera skráðir iðkendur innan aðildarfélaga UMSB eða eiga lögheimili á sambands svæði UMSB.

Úthlutanir fara fram tvisvar á ári, fyrri umsóknarfrestur um ferðastyrki er 31. maí og sá seinni 1. desember.

Í fyrri úthlutun ársins bárust fimm umsóknir um ferðastyrki fyrir hin ýmsu verkefni erlendis, þar af ein hópumsókn, í seinni úthlutun barst ein umsókn. Hlutu allir umsækjendur styrk.

**Þau sem hlutu styrk árið 2024 voru:**

7. – 9. flokkur stúlkna í körfuknattleik hjá Skallagrími	450.000 kr
Bjarki Pétursson - atvinnukylfingur	200.000 kr
Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir - frjálsar íþróttir	100.000 kr
Jón Árni Gylfason - körfuknattleikur	100.000 kr
Sigursteinn Ásgeirsson – frjálsar íþróttir	100.000 kr
Sindri Karl Sigurjónsson – frjálsar íþróttir	50.000 kr
<b>Samtals</b>	<b>1.000.000 kr</b>

**Íþróttahátíð 17. júní**

Síðastliðin tvö ár hefur þeim aðildarfélögum og deildum sem hafa tekið þátt í íþróttahátíð Borgarbyggðar á 17. júní verið greiddar 50.000 krónur fyrir þátttökuna.

Árið 2024 tóku eftirtalin félög og deildir þátt:

Umf. Dagrenning	50.000 kr
Golfklúbbur Borgarness	50.000 kr
Hjólreiðafélag Vesturlands	50.000 kr
Hmf. Borgfirðingur	50.000 kr
Knattspyrnudeild Skallagríms	50.000 kr
Körfuknattleiksdeild Skallagríms	50.000 kr
Píludeild Skallagríms	50.000 kr
Umf. Reykdæla	50.000 kr
<b>Samtals</b>	<b>400.000 kr</b>

## Afrekssjóður UMSB

Afrekssjóður UMSB var stofnaður á 86. sambandsþingi UMSB, þann 13. mars 2008 og var stofnframlagið styrkur frá Orkuveitu Reykjavíkur að upphæð 500.000 krónur. Tekjur sjóðsins er hlutfall af lottótekjum UMSB samkvæmt reglugerð, vaxtatekjur, og önnur framlög.

Heimilt er að úthluta 75% af tekjum sjóðsins á hverju ári. Umsóknnum í sjóðinn skal skila fyrir 1. mars en stjórn hefur heimild til að úthluta úr sjóðnum ef sérstaklega stendur á þess fyrir utan.

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Rósu Marinósdóttur, Írisi Grönfeldt og Sigurkarli Gústavssyni og sá stjórn sjóðsins alfarið um yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum.

Þrjár umsóknir bárust í ár og voru allar samþykktar.

Voru 931.175 krónur til úthlutunar úr Afrekssjóðnum og var veitt 18.825 krónum úr sjóðnum að auki.

### Eftirtaldar hlutu styrk fyrir afrek sín á árinu 2024:

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir	Sund	250.000 kr
Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir	Frjálsar íþróttir	350.000 kr
Kristín Þórhallsdóttir	Kraftlyftingar	350.000 kr
	<b>Samtals</b>	<b>950.000 kr</b>



## Íþróttamanneskja Borgarfjarðar

Kjör Íþróttamanneskju Borgarfjarðar 2024 fór fram við hátíðlega athöfn í Hjálmakletti þann 19. janúar. Er kjör Íþróttamanneskju Borgarfjarðar samstarfsverkefni UMSB og þeirra sveitarfélaga sem sambandssvæðið nær til, Borgarbyggðar, Skorradals og Hvalfjarðarsveitar. Auk þess var farið í samstarf við Ölduna sem útbjó gjafapoka fyrir 10 efstu sætin auk þess sem Árni og Ölver aðstoðuðu við verðlaunaafhendingu. Viljum við þakka þeim öllum kærlega fyrir afar ánægjulegt og farsælt samstarf síðastliðin tvö ár.

Íþróttamanneskja Borgarfjarðar 2024 var útnefnd Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir en hún stimplaði sinn sem einn af fremstu sleggjukösturum heims á síðasta ári.



Hlaut Guðrún 9,6 stig í kjörinu

Á myndinni má sjá Kristján Karl Hallgrímsson, bróður Guðrúnar Karítasar, sem tók við verðlaununum fyrir hennar hönd ásamt Guðrúnu Hildi Þórðardóttur, sambandsstjóra UMSB.



Í 2. sæti var Kristín Þórhallsdóttir með 8,8 stig og Helgi Guðjónsson með 7,8 stig í 3. sæti



**Í 4. – 10. sæti voru, í stafrófsröð:**

Bjarki Pétursson – golf

Bjarni Guðmann Jónsson – körfuknattleikur

Flosi Ólafsson – hestaíþróttir

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir – sund

Heiður Karlsdóttir – körfuknattleikur

Hilmar Elís Hilmarsson – knattspyrna

Sigursteinn Ásgeirsson – frjálssar íþróttir

Á myndinni má sjá þau sem vermdu 10 efstu sætin (eða staðgengla þeirra).



Viðurkenningar voru veittar fyrir val í landslið á árinu auk þess sem veitt var auka úthlutun úr Afrekssjóði UMSB til að styðja við bakið á afreksíþróttafólkinu.

**Viðurkenningar fyrir val í A-landslið hlutu:**

Bjarni Guðmann Jónsson – körfuknattleikur

Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir – frjálssar íþróttir

Kristín Þórhallsdóttir – kraftlyftingar

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir – sund



F.v. Guðrún Hildur Þórðardóttir sambandsstjóri UMSB, Bjarni Guðmann Jónsson, Arnheiður Hjörleifsdóttir fyrir hönd Guðbjargar Bjarteyjar, Kristján Karl fyrir hönd Guðrúnar Karítasar og Kristín Þórhallsdóttir.

**Viðurkenningar fyrir val í yngri landslið hlutu:**

Heiður Karlsdóttir – körfuknattleikur

Sindri Karl – frjálssar íþróttir

Jón Árni Gylfason – körfuknattleikur

Eyja Rún Gautadóttir – frjálssar íþróttir



F.v. Guðrún H. Þórðard. sambandsstjóri, Berglind Ragnarsdóttir fyrir hönd Heiðar, Jóhannes Guðjónsson fyrir hönd Eyju Rúnar, Guðrún Helga Árnadóttir fyrir hönd Jóns Árna, á myndina vantar Sindra Karl.



Það leynist margt afreksfólk innan raða UMSB og í ár voru einnig veittar viðurkenningar fyrir að hafa slegið met en tvö heimsmet og nokkur Íslandsmet féllu á síðasta ár. Þau sem voru heiðruð fyrir að slá met voru:

### **Guðmunda Ólöf Jónasdóttir Íslandsmethafi í sundi**

Guðmunda Ólöf eða Mumma Lóa eins og við þekkjum hana flest er lifandi sönnun þess að hreyfing og heilbriggt líferni eru undirstaða bæði líkamlegrar og andlegrar heilsu, en hún setti hvorki meira né minna en níu Íslandsmet á síðasta ári í aldursflokknum 75 – 79 ára. Mumma Lóa sló Íslandsmet í 50, 100, 200, 400 og 800 metra skriðsundi, 50, 100 og 200 metra baksundi og 100 metra fjórsundi.

### **Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir**

Guðrún Karítas byrjaði árið 2024 af miklum krafti, og þrífætti Íslandsmet sín í lóðkasti úr lóðkasti 20,03 m í 22,44 m, auk þess sem hún bætti árangur sinn í sleggjukasti um rúma 4 metra á árinu og kastaði lengst 69,76, sem var Íslandsmet í u.þ.b. 15 mín.

### **Jósep Magnússon**

Jósep sem hefur margoft verið tilnefndur til Íþróttamanneskju Borgarfjarðar fyrir afrek sín í hlaupi og hlaut meðal annars Marabonbikarinn þrjú ár í röð, setti Íslandsmet í 5.000 metra hlaupi 45-49 ára þegar hann hljóp á 17:13,53 mínútum, fyrra metið var 19:29,08 mínútur og bætti hann því metið um rúmar tvær mínútur.

### **Kristín Þórhallsdóttir**

Eins og fyrr segir litu tvö heimsmet dagsins ljós en Kristín bætti heimsmetið í samanlögðum árangr í aldursflokknum 40-49 ára á heimsmestaramótinu í klassískum kraftlyftingum þegar hún lyfti samanlagt 545 kílóum, auk þess sem hún tvífætti heimsmetið í hnébeygju í sama aldursflokki.

### **Sindri Karl Sigurjónsson**

Sindri Karl átti frábært ár í fyrra en hann setti Íslandsmet 15 ára í 2000 og 3.000 m hlaupi innanhúss, bætti 42ja ára gamalt Íslandsmet í 2.000 m hlaupi utanhúss sem var einnig Íslandsmet í aldurflokknum fyrir ofan. Þá tvífætti hann Íslandsmet 15 ára í 5 km götuhlaupi. Þá vakti það mikla athygli þegar Sindri Karl sló 24 ára gamalt aldurflokkamet Kára Steins Reynissonar í 10 kílómetra götuhlaupi þegar hann hljóp á 36 mínútum og þremur sekúndum. Sindri Karl hafði að vísu slegið metið áður í Reykjavíkumaraboninu þegar hann hjóp á 35:49 mínútum en þar sem hlaupið var ekki vottað þá var það ekki tekið gilt. Þannig að hann gerði sér lítið fyrir og sló það bara aftur.

### **Stefán Gíslason**

Stefán hefur um árabíl verið einn af fremstu fjallvegahlaupurum landsins og hefur með áhuga sínum og elju byggt upp sterka hlaupamenningu hér í Borgarfirðinum sem hefur alið af sér marga öflugra hlaupara. Stefán er þó sjálfur hvergi af baki dottinn en hann setti Íslandsmet í 5 kílómetra hlaupi í aldursflokknum 65-69 ára í ágúst þegar hann hljóp á 21 mínútu og 28 sekúndum.

Hér má sjá mynd af þessum glæsilega hópi.



**UMSB óskar öllu þessa frábæra íþróttafólki innilega til hamingju.**

**Samhliða kjöri Íþróttamanneskju Borgarfjarðar eru jafnframt veitt fleiri verðlaun, Marabonbikarinn, Auðunsbikarinn og Hvatningarverðlaun UMSB.**

### **Marabonbikarinn**

Marabonbikarinn var gefinn af Bjarna Bjarnasyni, betur þekktur sem Bjarni hlaupari, á sínum tíma og er veittur fyrir besta tímamann í marabonhlaupi á árinu. Í ár kom nýtt nafn á bikarinn eftir að Jósep Magnússon hafði hlotið hann þrjú ár í röð. Davíð Andri Bragason átti besta tímamann í marabonhlaupi árið 2024 þegar hann hljóp á tímanum 3:24:46 klst í Haustmaraboninu sem skilaði honum jafnframt 3. sætinu í flokki 18 – 39 ára.



## Auðunsbikarinn

Auðunsbikarinn var afhentur í 30. sinn í ár en Auðunsbikarinn er veittur af Minningarsjóði Auðuns Hlíðkvist Kristmarssonar sem lést, 2. ágúst 1995, aðeins 14 ára gamall. Bikarinn er veittur 14 ára unglingi sem þykir efnilegur í íþrótt sinni, sýnir metnað í ástundun og framkomu og er góð fyrirmynd innan vallar sem utan.

Tilgangur viðurkenningarinnar er að minnast Auðuns Hlíðkvist og einnig að styðja við og hvetja áfram unga og efnilega íþróttamenn á svæðinu.

Í ár hlaut Brynjar Þór Þorsteinsson Auðunsbikarinn en auk þess að uppfylla þau skilyrði sem talin eru upp að ofan var auk þess nefnt hversu jákvæður hann er og mikil gleði sem fylgir honum.



Innilega til hamingju Brynjar Þór. Vill stjórn UMSB einnig nýta tækifærið og þakka þeim hjónum Írisi Hlíðkvist Bjarnadóttur og Kristmari Ólafssyni, foreldrum Auðuns, fyrir afskaplega gott og farsælt samstarf. Það hefur verið virkilega ánægjulegt að fá að taka þátt í að halda minningu sonar þeirra svona fallega á lofti allan þennan tíma.



F.v. Kristmar Ólafsson, Sævar Hlíðkvist, Brynjar þór og Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir

## Hvatningarverðlaun UMSB

Hvatningarverðlaun UMSB voru veitt í þriðja sinn en þau sem geta hlotið hvatningarverðlaun UMSB eru aðildarfélag, deild innan aðildarfélags eða einstaklingur innan aðildarfélags UMSB fyrir eftirtektarverð og framsækin verkefni sem skara framúr eða fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

### Hvatningarverðlaun UMSB 2025 hlaut Guðjón Guðmundsson



Guðjón eða Gaui, hefur starfað sem íþróttakennari við Kleppjárnsreykjaskóla sem síðar varð Grunnskóli Borgarfjarðar frá árinu 1984 til dagsins í dag og þannig komið að íþróttaupplendi allra ungmenna sem í skólanum hafa verið á þessu tímabili.

Hann útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands með grunn- og framhaldsskólaréttindi árið 1990 með íþróttir sem valgrein. Hann tók þjálfarapróf SSÍ (Sundsambands Íslands) og hefur sótt ótal þjálfaranámskeið á vegum ÍSÍ, (Íþróttasambands Íslands) KSÍ (Knattspyrnufélags Íslands) og KKÍ (Körfuknattleikssambands Íslands) einnig hefur hann verið mjög iðinn við að sækja sér endurmenntun í þeim íþróttagreinum sem hann hefur mest verið að þjálfra.

Guðjón hefur sinnt Ungmennafélagi Reykdæla – uppeldisfélagi sínu af einstakri tryggð. Hann hefur þjálfað bæði frjálsar íþróttir, knattspyrnu, sund og körfuknattleik frá árinu 1990 eða í 34 ár. Það hefur Gaui gert af óbilandi áhuga, krafti og elju og er enn að. Þennan veturinn þjálfar hann 7.-10 flokk í körfu og er með sundæfingar fyrir 6 – 16 ára börn og ungmenni. Einnig hefur hann komið að ýmsu starfi innan félagsins sem sjálfboðaliði í gegnum öll þessi ár, haldið utan um ófá mót og komið að samstarfi á milli aðildafélaga í Borgarbyggð sem og í öðrum sveitafélögum með vinamótum í sundi, körfu og fótbolta.

Við vitum öll sem að slíku starfi komum hversu miklu máli mannaúðurinn skiptir og það má með sanni segja að Gauri hafi lagt sitt af mörkum til að ungmenni í Borgarfirði hafi átt þess kost að taka þátt í íþróttastarfi, leik og keppni öll þessi ár. Við sem eigum eða höfum átt börn og ungmenni vitum hversu mikilvægt það er fyrir þau að vera hluti af heild og fá tækifæri til að æfa íþróttir, keppa við aðra, bæta árangur sinn í líkamlegri og andlegri færni.



Stjórn UMSB vill með Hvatningarverðlaununum þakka Gauri fyrir hans ómetanlega framlag í gegnum tíðina, framlag sem skilur eftir sig djúp spor í samfélaginu og vonum að hann eigi allavega önnur 34 góð ár eftir.

Að lokum fær Hestamannafélagið Borgfirðingur sérstakar þakkir en þau sáu um undirbúning, veitingar og frágang, enn og aftur sannast mikilvægi sjálboðaliða, takk fyrir ykkar framlag.

## Viðurkenningar

### STARFSMERKI UMFÍ

1971 Kristófer Þorgeirsson  
1975 Bjarni Valtýr Guðjónsson  
1975 Ingimundur Ingimundarsson  
1975 Jón G. Guðbjörnsson  
1977 Gunnlaugur Árnason  
1978 Bjarni G. Sigurðsson  
1978 Diðrik Jóhannsson  
1980 Bjarni Skarphéðinsson  
1980 Vigfús Pétursson  
1982 Ófeigur Gestsson  
1982 Helgi Bjarnason  
1983 Gísli V. Halldórsson  
1986 Þiðrik Baldvinsson  
1989 Sigríður Þorvaldsdóttir  
1989 Jón Þórisson  
1993 Einar Ole Pedersen  
1994 Þorvaldur Jónsson  
1995 Guðmundur Sigurðsson  
1997 Kristmar J. Ólafsson  
1997 Jóna Björg Kristinsdóttir  
1997 Ármann Bjarnason  
1997 Steinunn Garðarsdóttir  
1998 Einar Kristján Jónsson  
1999 Rósa Marínósdóttir  
2001 Ásdís Helga Bjarnadóttir  
2002 Þórður B. Bachmann  
2002 Guðjón Guðmundsson  
2002 Kristín Gunnarsdóttir  
2006 Torfi Jóhannesson  
2008 Veronika Sigurvinsdóttir  
2008 Álfheiður Marínósdóttir  
2009 Jóhann Pálsson  
2010 Sólrún Halla Bjarnadóttir  
2011 Helgi Björn Ólafsson  
2012 Eyjólfur Hjálmsón  
2012 Agnes Guðmundsdóttir  
2012 Friðrik Aspelund  
2015 Stefán Logi Haraldsson  
2016 Pálmi Ingólfsson  
2017 Íris Grönfeldt  
2018 Kristján Gíslason  
2018 Flemming Jessen

### STARFSMERKI UMFÍ

2019 Ásgeir Ásgeirsson  
2019 Guðríður Ebba Pálsdóttir  
2019 Hrönn Jónsdóttir  
2020 Ingvi Árnason  
2020 Brynjólfur Guðmundsson  
2021 Páll S. Brynjarsson  
2021 Sigríður Bjarnadóttir  
2022 Marteinn Valdimarsson  
2023 Guðmundur Finnsson  
2024 Guðrún Hildur Þórðardóttir

### GULLMERKI UMFÍ

1987 Jón G. Guðbjörnsson  
1992 Þórir Jónsson  
2001 Ingimundur Ingimundarson  
2001 Magnús Jakobsson  
2010 Ásdís Helga Bjarnadóttir  
2011 Guðmundur Sigurðsson  
2018 Rósa Marínósdóttir  
2019 Guðmundur Þorsteinsson  
2019 Hrönn Jónsdóttir  
2020 Íris Grönfeldt  
2021 Flemming Jessen  
2021 Guðjón Guðmundsson  
2023 Kristín Gunnarsdóttir  
2023 Þorvaldur Jónsson  
2024 Ingvi Árnason  
2024 Kristján Gíslason

## Viðurkenningar frh.

### GULLMERKI UMSB

1977	Björk Ingimundardóttir
1982	Sigurður R. Guðmundsson
1982	Vilhjálmur Einarsson
1983	Vilhjálmur Einarsson
1988	Gísli Halldórsson
1990	Ingimundur Ingimundarson
1992	Bjarni Bjarnasson
1992	Björg Kristófersdóttir
1992	Geir Sævar Geirsson
1992	Guðmundur Sigurðsson
1992	Rósa Marínósdóttir
1992	Sigríður Þorvaldsdóttir
1992	Þuríður Jóhannesdóttir
1992	Þórir Jónsson
1993	Bjarni Valtýr Guðjónsson
1996	Ingunn Jóhannesdóttir
1998	Birgir Karlsson
1999	Einar Ole Pedersen
2002	Þorsteinn Viggósson
2002	Jófríður Hanna Sigfúsdóttir
2002	Íris Grönfeldt
2002	Karl Torfason
2004	Ásdís Helga Bjarnadóttir

### SILFURMERKI ÍSÍ

2010	Íris Grönfeldt
2024	Oddný Eva Böðvarsdóttir

### GULLMERKI ÍSÍ

1982	Ófeigur Gestsson
2002	Einar B. Jónsson
2002	Albert Guðmundsson
2002	Sigríður Guðmundsdóttir
2002	Ingimundur Ingimundarson
2010	Rósa Marínósdóttir
2011	Guðmundur Sigurðsson
2020	Sigurður Guðmundsson
2020	Jón G. Guðbjörnsson
2021	Jakob Skúlason
2022	Sigríður G. Bjarnadóttir
2024	Páll Snævar Brynjarsson

# Stjórn UMSB 1912 – 2025

## SAMBANDSSTJÓRAR UMSB

Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1912-1913,1914-1915, 1916-1917
Jón Hannesson	Deildartungu	1913-1914,1917-1918
Andrés Eyjólfsson	Síðumúla	1915-1916
Guðmundur Jónsson	Hvítárbakka	1918-1919
Kristinn Guðmundsson	Hvanneyri	1919-1920
Jóhannes Jónsson	Efranesi	1920-1921
Björn Guðmundsson	Eyri Flókadal	1921-1922
Kristján Guðmundsson	Indriðastöðum	1922-1923
Magnús Jakobsson	Snældubeinsstöðum	1923-1924
Jón Guðmundsson	Borgarnesi	1924-1926
Friðrik Þorvaldsson	Borgarnesi	1926-1934
Þorgils Guðmundsson	Reykholti	1934-1936
Þorsteinn Jósefsson	Signýjarstöðum	1936-1937
Friðrik Þórðarson	Borgarnesi	1937-1938
Halldór Sigurðsson	Borgarnesi	1938-1943
Þorgils Guðmundsson	Reykholti	1943-1944
Björn Jónsson	Deildartungu	1944-1947,1952-1954
Haukur Jörundarson	Hvanneyri	1947-1950
Snorri Þorsteinsson	Hvassafelli	1954-1958
Ragnar Olgeirsson	Oddsstöðum	1958-1962
Þorsteinn Sigurðsson	Brúarreykjum	1962-1964
Guðmundur Sigurðsson	Borgarnesi	1964-1967
Vilhjálmur Einarsson	Reykholti	1967-1973
Jón G Guðbjörnsson	Lindarhvoli	1973-1975
Hjörtur Þórarinsson	Kleppjárnsreykjum	1975-1976
Ófeigur Gestsson	Hvanneyri	1976-1978,1980-1982
Eiríkur Jónsson	Kleppjárnsreykjum	1978-1979
Kristófer M Kristinsson	Reykholti	1979-1980
Þuríður Jóhannsdóttir	Jaðri	1982-1983
Þórir Jónsson	Reykholti	1983-1985
Kristján F Axelsson	Bakkakoti	1985-1986
Sigríður Þorvaldsdóttir	Hjarðarholti	1986-1989
Einar Ole Pedersen	Álftártungukoti	1989-1990,1991-1998
Ásmundur Ólafsson	Borgarnesi	1990-1991
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Hvanneyri	1998-2002
Torfi Jóhannesson	Hvanneyri	2002-2006
Jóhanna Erla Jónsdóttir	Borgarnesi	2006-2008
Friðrik Aspelund	Hvanneyri	2008-2012
Sigurður Guðmundsson	Borgarnesi	2012-2016
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Hvanneyri	2016-2018
María Júlía Jónsdóttir	Borgarnesi	2018-2019
Bragi Þór Svavarsson	Borgarnesi	2019-2021
Sonja Lind E. Eyglóard.	Borgarnesi	2021-2023
Guðrún H. Þórðardóttir	Furugrund	2023-



## GJALDKERAR UMSB

Gunnlaugur Brím	Reykholti	1922-1923
Kristján Guðmundsson	Indriðastöðum	1923-1924
Páll J Blöndal	Stafholtsey	1924-1935
Ásmundur Jónsson	Deildartungu	1935-1944
Kristleifur Jónsson	Varmalæk	1944-1945
Bogi Þórðarson	Borgarnesi	1945-1947
Þorsteinn Helgason	Borgarnesi	1947-1949
Jón Einarsson	Borgarnesi	1949-1950
Þorsteinn Helgason	Borgarnesi	1950-1952
Jón Einarsson	Kletti	1952-1954
Sigurður Guðbrandsson	Borgarnesi	1954-1956
Bjarni Helgason	Laugalandi	1956-1961
Guðlaugur Torfason	Hvammi	1961-1964
Davíð Pétursson	Grund	1964-1966
Friðjón Árnason	Kistufelli	1966-1968
Óttar Geirsson	Hvanneyri	1968-1972
Ófeigur Gestsson	Hvanneyri	1972-1976
Eiríkur Jónsson	Kleppjárnsreykjum	1976-1978
Helgi Bjarnason	Borgarnesi	1978-1980
Pálmi Ingólfsson	Hálsum	1980-1982
Þorkell Fjeldsteð	Ferjukoti	1982-1985
Sigurborg Viggósdóttir	Rauðanesi	1985-1986
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1986-1988
Jónína Pálsdóttir	Borgarnesi	1988-1989
Finnur Ingólfsson	Borgarnesi	1989-1990
María Jóna Einarsdóttir	Borgarnesi	1990-1991
Jóna Björg Kristinsdóttir	Lindási	1991-1994
Kristín Finndís Jónsdóttir	Borgarnesi	1994-1996
Anna Steinssen	Borgarnesi	1996-1998
Hekla Gunnarsdóttir	Borgarnesi	1998-2000
Guðmundur Sigurðsson	Hvanneyri	2000-2006, 2007-2010
Bragi Axelsson	Bifröst	2006-2007
Elva Jónmundsdóttir	Arnþórsholti	2010-2012
Kristín Gunnarsdóttir	Lundi	2012-2015
Elva Pétursdóttir	Borgarnesi	2015-2018
Sigríður Bjarnadóttir	Borgarnesi	2018-2022
Sölvi G Gylfason	Borgarnesi	2022-2024
Svala Svavarsdóttir	Borgarnesi	2024-

## RITARAR UMSB

Ari Guðmundsson	Skálpastöðum	1922-1926
Leifur Ásgeirsson	Reykjum	1926-1928
Ingibjörg G Björnsson	Borgarnesi	1928-1929
Jón Sigurðsson	Skíðsholtun	1929-1933
Jónas Ólafsson	Stafholti	1933-1935
Daníel Kristjánsson	Hreðavatni	1935-1936
Ásmundur Jónsson	Borgarnesi	1936-1938
Gestur Kristjánsson	Hreðavatni	1938-1942
Ingimundur Ásgeirsson	Reykjum	1942-1945
Þórður Kristjánsson	Hreðavatni	1945-1947
Jón Þórisson	Reykholti	1947-1949
Magnús Sigurðsson	Gilsbakka	1949-1955
Sigmundur Einarsson	Kletti	1955-1956
Þorsteinn Pétursson	Miðfossum	1956-1957
Þórður Einarsson	Kletti	1957-1959
Bjarni Guðráðsson	Nesi	1959-1961
Guðmundur Þorsteinsson	Skálpastöðum	1961-1965
Jón F Hjartarson	Borgarnesi	1965-1967
Kristján Benediktsson	Víðigerði	1967-1969
Sigurður B Guðbrandsson	Borgarnesi	1969-1971
Jón G Guðbjörnsson	Lindarhvoli	1971-1973
Sigmundur Hermannsson	Andakílsárverkjun	1973-1975
Erla Kristjánsdóttir	Stóru Skógum	1975-1977
Birgir Karlsson	Leirárskóla	1977-1979
Haukur Ingibergsson	Bifröst	1979-1981
Bjarni Guðmundsson	Hvanneyri	1981-1983
Þórólfur Sveinsson	Ferjubakka	1983-1985
Sigríður Þorvaldsdóttir	Hjarðarholti	1985-1986
Þórarinn Pálmi Jónsson	Borgarnesi	1986-1987
Gísli Einarsson	Ásbrún	1987-1989
Brynjólfur Guðmundsson	Hlöðutúni	1989-1991
Sigríður V Finnbogadóttir	Borgarnesi	1991-1993
Kristín Finndís Jónsdóttir	Borgarnesi	1993-1994
Ingimundur Ingimundarson	Borgarnesi	1994-1995
Valdimar K Sigurðsson	Borgarnesi	1995-1997
Þuríður Jóhannsdóttir	Borgarnesi	1997-2001
Harpa Kristjánsdóttir	Hrafnabjörgum	2001-2002
Helga Karlsdóttir	Borgarnesi	2002-2005
Guðríður Ebba Pálsdóttir	Borgarnesi	2005-2010
María Hlín Eggertsdóttir	Lækjarmel	2010-2013
Þórhildur María Kristinsdóttir	Reykholtisdal	2013-2015
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Hvanneyri	2015-2016
Þórkatla Þórarinsdóttir	Borgarnesi	2016-2017
Kristín Gunnarsdóttir	Lundi	2017-2019
Bjarni Þór Traustason	Borgarnesi	2019-2021
Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir	Borgarnesi	2021-

## MEÐSTJÓRNENDUR UMSB

Jón Hannesson	Deildartungu	1912-1913
Andrés Eyjólfsson	Síðumúla	1912-1914
Bjarni Ásgeirsson	Knarrarnesi	1913-1915
Jón Hannesson	Deildartungu	1914-1916
Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1915-1916
Guðmundur Jónsson	Hvítarbakka	1916-1917
Sigurður Sigurðsson		1916-1917
Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1917-1920
Jón Hannesson	Deildartungu	1918-1919
Vígfús Guðmundsson	Borgarnesi	1919-1920
Kristinn Guðmundsson	Hvanneyri	1920-1921
Steingrímur Steinþórsson	Hvanneyri	1920-1921
Sigurður Snorrason	Laxfossi	1921-1922
Magnús Jakobsson	Varmalæk	1921-1922
Jón Þórisson	Reykholti	1944-1947
Guðmundur Eggertsson	Litlakroppi	1944-1945
Arinbjörn Magnússon	Borgarnesi	1945-1947
Björn Jónsson	Deildartungu	1947-1950
Ellert Finnbogason	Hvanneyri	1947-1950
Stefán Halldórsson	Borgarnesi	1950-1952
Þórður Kristjánsson	Hreðavatni	1950-1958
Hörður Jóhannesson	Borgarnesi	1952-1953
Snorri Þorsteinsson	Hvassafelli	1953-1954
Haraldur Sigujónsson	Hvanneyri	1954-1956
Sigurður B Guðbrandsson	Borgarnesi	1956-1958
Geir Björnsson	Borgarnesi	1958-1962
Sveinbjörn Beinteinsson	Draghálsi	1958-1961
Bjarni Helgason	Laugalandi	1961-1967
Georg Hermannsson	Borgarnesi	1962-1964
Friðjón Sveinbjörnsson	Borgarnesi	1964-1966
Sigurður R Guðmundsson	Leirá	1966-1974
Sveinn Jóhannesson	Flóðatanga	1967-1971
Gísli V Halldórsson	Borgarnesi	1971-1973
Guðmundur Þ Brynjúlfsson	Borgarnesi	1973-1975
Klemenz Halldórsson	Dýrastöðum	1975-1979
Ingibjörg Daníelsdóttir	Fróðastöðum	1979-1981
Pétur Diðriksson	Helgavatni	1981-1982
Birgir Guðmundsson	Borgarnesi	1982-1984
Finnbogi Leifsson	Hítardal	1984-1986
Einar Ole Pedersen	Álftártungukoti	1986-1988
Hallgrímur Jónsson	Gröf	1988-1989
Gísli Sverrisson	Hvanneyri	1989-1991
Einar K Jónsson	Saurbæ	1991-1992
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1992-1993
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Hvanneyri	1993-1996
Erla Gunnlaugsdóttir	Laugalandi	1996-2001

## MEÐSTJÓRNENDUR UMSB FRH.

Sigmar Gunnarsson	Rauðanesi	2001-2009
Veronika Sigurvinsdóttir	Borgarnesi	2009-2011
Aðalsteinn Símonarson	Borgarnesi	2011-2015
Þórhildur María Kristinsdóttir	Reykholtsdal	2015-2017
Anna Dís Þórarinsdóttir	Reykholtsdal	2017-2019
Rakel Guðjónsdóttir	Síðumúlaveggjum	2019-2023
Elisabeth M. Egilsdóttir	Borgarnesi	2023-2024
Kristján J. Pétursson	Borgarnesi	2024-

## VARASAMBANDSSTJÓRAR UMSB

Gísli V Halldórsson	Borgarnesi	1974-1978
Jón Gíslason	Lundi	1978-1979
Bjarni Guðmundsson	Hvanneyri	1979-1980
Helgi Bjarnason	Borgarnesi	1980-1982
Pétur Diðriksson	Helgavatni	1982-1983
Þuríður Jóhannsdóttir	Jaðri	1983-1985
Hallfreður Vilhjálmsson	Kambshóli	1985-1987
Björn Júlíusson	Hvanneyri	1987-1988
Einar Ole Pedersen	Álftartungukoti	1988-1989
Þorvaldur Jónsson	Reykholti	1989-1990
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1990-1992
Einar K Jónsson	Saurbæ	1992-1996
Þorsteinn Viggósson	Borgarnesi	1996-2000
Björn Bjarki Þorsteinsson	Borgarnesi	2000-2002
Þórhildur Þorsteinsdóttir	Brekku	2002-2003
Axel Vatnsdal	Borgarnesi	2003-2004
Júlíus Jónsson	Borgarnesi	2004-2005
Torfi Jóhannesson	Hvanneyri	2006-2007
Friðrik Aspelund	Hvanneyri	2007-2008
Berglind Long	Hvanneyri	2008-2009
Rósa Marinósdóttir	Hvanneyri	2009-2012
Ásgeir Ásgeirsson	Stafholtstungum	2012-2015
Guðrún Þórðardóttir	Furugrund	2015-2023
Ólafur Daði Birgisson	Bakkakoti	2023-2024
Sigurbjörg Þ. Marteinsdóttir	Hvanneyri	2024-

## Íþróttamanneskja Borgarfjarðar 1980 – 2024

1980	Jón Diðriksson	Frjálsar íþróttir
1981	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1982	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1983	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1984	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1985	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1986	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1987	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1988	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1989	Margrét Brynjólfsdóttir	Frjálsar íþróttir
1990	Bergþór Ólafsson	Frjálsar íþróttir
1991	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1992	Ingi Valur Þorgeirsson	Lyftingar
1993	Ingi Valur Þorgeirsson	Lyftingar
1994	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1995	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1996	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1997	Halldóra Jónasdóttir	Frjálsar íþróttir
1998	Einar Trausti Sveinsson	Frjálsar íþróttir
1999	Kristín Þórhallsdóttir	Frjálsar íþróttir
2000	Einar Trausti Sveinsson	Frjálsar íþróttir
2001	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2002	Sigurkarl Gústafsson	Frjálsar íþróttir
2003	Sigurkarl Gústafsson	Frjálsar íþróttir
2004	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2005	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2006	Tinna Kristín Finnbogadóttir	Skák
2007	Sigurður Þórarinnsson	Körfubolti
2008	Bjarki Pétursson	Golf
2009	Trausti Eiríksson	Körfubolti
2010	Bjarki Pétursson	Golf
2011	Bjarki Pétursson	Golf
2012	Bjarki Pétursson	Golf

## Íþróttamanneskja Borgarfjarðar 1980 – 2024 frh.

2013	Konráð Valur Sveinsson	Hestaíþróttir
2014	Helgi Guðjónsson	Knattspyrna /karfa og frjásar
2015	Helgi Guðjónsson	Knattspyrna
2016	Sigrún Sjöfn Ámundadóttir	Körfuknattleikur
2017	Máni Hilmarsson	Hestaíþróttir
2018	Bjarni Guðmann Jónsson	Körfuknattleikur
2019	Bjarki Pétursson	Golf
2020	Bjarki Pétursson	Golf
2021	Kristín Þórhallsdóttir	Kraftlyftingar
2022	Kristín Þórhallsdóttir	Kraftlyftingar
2023	Bjarki Pétursson	Golf
2024	Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir	Frjásar íþróttir



# Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

## I. Kafli: Um sambandið

### 1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Borgarfjarðar, skammstafað UMSB. Starfssvæði þess er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Heimili sambandsins og varnarþing er í Borgarnesi.

### 2. grein

Merki sambandsins er blár skjöldur með hvíttri umgjörð. Á skildi þessum er skammstöfun sambandsins, UMSB, ásamt fjaðurpenna og laxi.

### 3. grein

Tilgangur UMSB er að efla samhug og samvinnu íþrótta- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálastarfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Ennfremur að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við.

### 4. grein

Sambandið skal á hverjum tíma starfa eftir stefnu sem mörkuð skal af sambandsþingi.

### 5. grein

Rétt til aðildar að sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög UMSB, UMFÍ og ÍSÍ.

### 6. grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags, upplýsingum um stjórn og félagaskrá. Félagið telst fullgildur aðili að sambandinu við samþykki stjórnar, þó með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings og ÍSÍ.

### 7. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögsmætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal staðfesta hana á næsta sambandsþingi.

Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags skal eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

## **II. Kafli: Um aðildarfélög**

### **8. grein**

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum í tvö ár samfelld má stjórn UMSB gera tillögu til sambandsþings um að færa félagið á lista yfir óvirk aðildarfélög. Sé félag á lista yfir óvirk félög missir það allan rétt til greiðslna frá sambandinu og skal ekki tekið með við útreikning á slíkum greiðslum.

Óvirku félagi ber ekki skylda til að greiða gjöld til sambandsins.

### **9. grein**

Árlega skal hvert aðildarfélag standa UMSB skil á árgjaldi af hverjum gjaldskyldum félaga í samræmi við ákvörðun sambandsþings. Eindagi gjaldanna er 15. júlí. Eftir eindaga er heimilt að skuldajafna gjaldið við inneign viðkomandi félags hjá UMSB.

### **10. grein**

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélaganna semja skýrslu um hag sinn og starfsemi, samkvæmt fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Skýrslu þessari skal skila eigi síðar en 15. febrúar.

## **III. Kafli: Um sambandsþing**

### **11. grein**

Sambandsþing UMSB er æðsta vald í málefnum UMSB og skal haldið árlega, eigi síðar en 30. apríl. Þó er stjórn heimilt, að fengnu samþykki formannafundar, að fresta þingi ef sérstakar ástæður liggja fyrir.

Sambandsstjórn ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögmætt sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur um breytingar á lögum sambandsins skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 14 dögum fyrir þing.

Tillögur að lagabreytingum skulu sendar stjórn eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.

Sambandsstjóri skal enn fremur boða til aukabings telji hann þess þörf eða ef tveir þriðju sambandsaðila bera fram ósk um slíkt.

### **12. grein**

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.



### 13. grein

Dagskrá sambandsþings:

Setning

Kosning þingforseta og ritara

Kosning kjörbréfanefndar

Skýrsla stjórnar og reikningar

Álit kjörbréfanefndar

Kosning starfsnefnda þingsins

Inntaka nýrra aðildafélaga

Umræður um skýrslu stjórnar

Ávörp gesta

Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Þinghlé – nefndir starfa

Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Kosning stjórnar

Kosning á íþróttaping ÍSÍ

Önnur mál

Þinggerð - þingslit

### IV. Kafli: Um stjórn

#### 14. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.

Gefi stjórnarmaður, sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum, kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Ennfremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

#### 15. grein

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarfélaga sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

### **16. grein**

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarfélaga og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar félaga en nefndarmenn aðeins ef um sérmálefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

### **17. grein**

Rísi ágreiningur um lög eða reglur sambandsins úrskurðar stjórnin um það en þeirri niðurstöðu má skjóta til næsta sambandsþings.

## **V. Kafli: Önnur ákvæði**

### **18. grein**

Til breytingar á lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mættra fulltrúa á lögmætu sambandsþingi.

### **19. grein**

Ef sambandið leysist upp eða hættir störfum skulu allar eignir þess renna í sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í fjármálastofnun. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa má 2/3 ársávöxtunar til íþróttá- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði UMSB. Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UMSB á sambandssvæðinu skulu eignir UMSB renna til þess.

### **20. grein**

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin öll eldri lög sambandsins.